

Formáli



Ættarsvipur

Til þess að auðvelda börnunum að læra litlu stafina skiptum við þeim í hópa sem við köllum fjölskyldur: a, b, o, l og x.

Svipuð form með svipaðum stafaslóðum eru í sömu fjölskyldu. Hver á sinn lit, eins og sést hér fyrir ofan. Mikla áhersla þarf að leggja á að rétt sé dregið til stafs. Í bókunum eru stafaslóðir alls staðar til viðmiðunar.

MARKMIÐ Ítaliuskriptar er að leggja traustan grunn. Börnin þurfa að læra skrift sem þolir hraða og nota má við nám og í daglegu lífi. Annars vegar læra þau fastmótað hreyfingakerfi. Hins vegar er útskýrt fyrir þeim hvernig það verður að stöfum.

Námsefnið og ítaræfingar sem því fylgja eru með nýjum áherslum sem aðlagast mismunandi getu og þörfum hvers nemenda.

Skriftin er kennd sem hreyfing og stafir tengdir frá upphafi. Áriðandi er að börnin nái tókum á þeim strax. Fínhreyfingar lærast með auðveldum krotæfingum. Góð handastjórn er undirstaða. Hana þarf að kenna áður en byrjað er á stöfunum.

Ekkert barn þarf að heltast úr lestinni. Því er þýðingarmikið að kennarar og foreldrar fylgist með hvað er gert og hvernig farið er að. Nóg er til af ítarefni sem bæta má við eftir því sem þörf krefur. Grunnæfingar og æfingar tengdar krákustígum má sjá á vefnum: <www.italiuskrift.com>.


Bækurnar eru aðgengilegar bæði réttthentum og örvhentum. Í þeim eru stóru stafirnir kenndir en aðal-áherslan er á þeim litlu og tengingum þeirra.

Hreyfingakerfi

Tuttugu og einn stórir stafir voru uppruni latneska stafrófsins. Þeir voru greinilegir og eru það enn. Sá var ljóður á að þeir bjöguðust þegar hratt var skrifað. Á nokkrum öldum bættust við litlir, tengdir stafir sem héldust læsilegir þótt skrifað væri í flýti.

Í dagsins önn þarf rithönd að vera lipur og læsileg. Til þess þarf fastmótaðar stafaslóðir, flæði og tengingar. Tilgangur skriftarnámsins er ekki síst að allir nemedur nái tókum á henni.

Ítaliúskrift er byggð á sögulegum stíl sem sameinar tryggja innviði og þegar vel tekst til, einstaklega fallegt útlit. Hún er í meira uppáhaldi meðal skrautskrifara á Vesturlöndum en nokkur önnur leturgerð. Hún er fallegust þegar yfirleggir er hærrí en stóru stafirnir.



Svona er farið úr kroti í skrift, eins og forsiður bókanna 1a og 1b sýna.

Auðvelt er fyrir börn sem ná valdi á Ítaliúskrift að gera úr henni fágaða, persónulega rithönd sem nýtist vel í daglegu lífi og býður af sér góðan þokka. Hér, eins og í öllu öðru sem við tökum okkur fyrir hendur, skapar æfing meistaran. Mjög mikilvægt er að þeir sem kenna fylgist vel með því að stafirnir séu rétt skrifaðir frá öndverðu

Garðabæ 24. ágúst 2011

Freyja Bergsveinsdóttir
Gunnlaugur SE Briem
Harpa Pálmadóttir

*Farei dal primo tratto grosso & pia-
no questo corpo o - e dal
quale ne camu poi cinque lettere
a d c g g
Dele quali lre tutti li corpi che toca-
no la linea sopra
la quale tu scri
uerai,
se hanno
da
formare
in
mo quadrato oblongo
et
non quadro perfect to. in tal modo
cioe' □ :: r. e. a. v. c. d. g. :: g □
a d c g g*

Einstök fyrirmynd

Endurvakning Ítaliúskriftar sækir margt í kverið *La Operina*, kennslubók eftir Ludovico Vicentino degli Arrighi.

Á 32 síðum kennir hann skrift af snilld sem enn er dáðst að um allan heim.



Grunnform Arrighis að eru mýktir, þríhyrndir stafbelgir. Þau eru enn í góðu gildi.